

**Nd.**

**264. Frumvarp til laga**

um ríkislántöku til raforkusjóðs.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Ásgeir Ásgeirsson, Jón Pálmason,  
Ingólfur Jónsson, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán innanlands handa raforkusjóði með útgáfu og sölu handhafaskuldabréfa, allt að 20 millj. króna. Skuldabréfin séu boðin til sölu í bönkum og sparisjóðum, og enn fremur er heimilt að fela öðrum stofnunum sölu bréfanna, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Vextir af láni þessu séu 4 af hundraði á ári, og greiðast þeir eftir á, 31. des. ár hvert. Lánið er afborganalaust til ársloka 1946, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum, eftir útdrætti, á næstu 30 árum. Ríkisstjórnin getur þó ákveðið að endurgreiða lánið að nokkru eða öllu leyti, hvenær sem er, með 6 mánaða fyrirvara.

3. gr.

Lánsfénu skal varið til rafveituframkvæmda, sem ríkið lætur gera samkvæmt lögum, er um það verða sett.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að því fé, sem fæst með sölu skuldabréfa í einstökum landshlutum, skuli varið til rafveituframkvæmda ríkisins í þeim sömu héraðum að svo miklu leyti sem þörf krefur vegna þeirra framkvæmda, sem þar verða ákveðnar með lögum.

4. gr.

Ráðherra setur með reglugerð fyrirmæli um fjárhæð bréfanna og nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, eftir því sem þurfa þykir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Millipinganefnd í raforkumálum, sem kosin var samkvæmt ályktun Alþingis 4. sept. 1942, hefur nú með höndum athugun á þeim málum ásamt rafmagnseftirliti ríkisins, sem vinnur að rannsókn á virkjunarskilyrðum og gerir áætlanir um kostnað við rafveitubyggingar. Nefndin væntir þess að geta, áður langt liður, lagt fram ákveðnar tillögur um tilhögun rafveituframkvæmda, er stefni að því að koma rafmagninu sem fyrst um allar byggðir landsins, svo sem ákveðið var með fyrrnefndri þingsályktun sumarið 1942.

Sú athugun á þessum málum, sem þegar hefur verið gerð, sýnir, að framkvæmdirnar kosta mikið fé. Meginhlutann af því fé verður ríkið að taka að láni, og lánsféð þarf að fást innanlands. Með flutningi þessa frumvarps er lagt til, að nú þegar verði hafin fjársöfnun til raforkusjóðsins með útgáfu og sölu handhafaskuldabréfa. Má vænta þess, að auðvelt verði að fá allmikið fé að láni til þessara nauðsynlegru framkvæmda, ef þess er leitað nú þegar, þar sem miklir peningar eru í umferð og almennur áhugi á rafveitubyggingum. Engin vissa er fyrir því, að jafn-auðvelt verði um fjáröflun síðar, og því telja flutningsmenn frv. óráðlegt að sleppa því einstaka tækifæri, sem nú er til fjársöfnunar handa raforkusjóðnum.

Um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram.

Um 1. gr.

Flm. er það ljóst, að sú upphæð, sem hér er nefnd, 20 milljónir króna, er aðeins litill hluti þeirrar fjárhæðar, sem þörf er fyrir til rafveituframkvæmdanna. Þeir telja þó ekki nauðsynlegt að hafa lántökuheimildina hærrí til að byrja með, þar sem hægt er að auka þar við þegar á næsta þingi.

Til þess að gera almenningi sem auðveldast að kaupa skuldabréfin er lagt til, að þau verði boðin til sölu í hönkum og sparisjóðum víðs vegar um landið, en auk þess verði ríkisstjórninni heimilað að fela fleiri stofnunum sölu þeirra.

Um 2. gr.

Lagt er til, að vextir af láninu verði 4%. Lánsféð endurgreiðist á 30 árum eftir árslok 1946. Rétt þykir þó að veita ríkisstjórninni heimild til að endurgreiða lánið fyrr að einhverju eða öllu leyti.

Um 3. gr.

Í síðari málsgrein þessarar greinar er ákvæði um, að ráðherra skuli heimilt að ákveða, að það lánsfé, sem fæst í vissum landshlutum, skuli fyrst og fremst notað til rafveituframkvæmda ríkisins á þeim sömu svæðum. Má telja víst, að það verði mönnum hvatning til þátttöku í fjársöfnuninni, ef þeir geta með því sérstaklega stuðlað að og flýtt fyrir rafveituframkvæmdum í sínu eigin héraði.

Um 4. og 5. gr.

Skýringar óþarfar.